



**Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps**  
**Fundargerð**

**Fundur nr. 273 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 14. október 2019 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.**

**Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:**

**Hátún – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik**

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Hátún í samræmi við framlögð gögn. Verður liður 5 í fundargerð.

**Smiðjuvegi – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik**

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Smiðjuveg í samræmi við framlögð gögn. Verður liður 6 í fundargerð.

**Bakkabraut 6a – Umsókn um leiðréttingu og stækkun lóðar**

Ásgeir óskar eftir leiðréttingu á lóð. Verður liður 7 í fundargerð.

**Sólheimajökulsmelar – Breyting á aðalskipulagi.**

Lögð er fram lýsing og uppdrættir aðalskipulagsbreytingu þar sem tekið er tillit til athugasemda frá Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Ferðamálastofu, Kötlum Jarðvang og Minjastofnun Íslands. Verður liður 8 í fundargerð.

*Samþykkt samhljóða*

**Dagskrá fundarins:**

**I. Skipulagsmál:**

**1. Sólheimajökulsmelar – Umsókn um stöðuleyfi.**

Helgi Helgason f.h. Helgi brjótur ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn við Sólheimajökulsmela.

*- Samþykkt samhljóða*

**2. Austurvegur 16 – Umsókn um byggingarleyfi.**

G. Oddur Víðisson f.h. Olíuverzlun Íslands hf. sækir um byggingarleyfi fyrir upplýsinga- og ljósaskilti og fánastangir við Austurvegur 16.

*Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir fánastangir en frestar ákvörðun um byggingarleyfi fyrir ljósaskilti. Skipulagsnefnd vísar ákvörðun til sveitarstjórnar og leggur til að mörkuð verði stefna hjá sveitarfélaginu um auglýsingaskilti.*

- Samþykkt samhljóða

**3. Skeiðflöt – Deiliskipulagstillaga.**

Tillaga að deiliskipulagi vegna Skeiðflatar lögð fram til afgreiðslu.

*Skipulagsnefnd leggur til breytingu á orðalagi í lið 11 til 17, þar verði orðið tjald tekið út. Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar og að óska eftir umsögnum Minjastofnunar, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Skipulagsfulltrúa falið að upplýsa umsækjanda um skipulagsferli.*

- Samþykkt samhljóða

**4. Hátun 5-11 – Breyting á gatnagerð**

Breyting varðandi aðgang að lóð 9-11 lögð fram til umræðu.

*Skipulagsnefnd hafnar fyrirliggjandi breytingu á aðgang að lóð 9 og 11 en leggur til að lóðin verði stækkuð til suðurs að gangstétt og gert verði ráð fyrir bílastæði þar fyrir hús númer 9 og 11. Gert er ráð fyrir að aðgangur að bílastæðinu verði frá Hátúni.*

- Samþykkt samhljóða

**5. Hátún – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik**

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Hátún í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða

**6. Smiðjuvegi – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik**

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Smiðjuveg í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða

**7. Bakkabraut 6a – Umsókn um leiðréttingu og stækkun lóðar**

Ásgeir Ísleifsson óskar eftir leiðréttingu á lóð.

*Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.*

- Samþykkt samhljóða

**8. Sólheimajökulsmelar – Breyting á aðalskipulagi.**

Lögð er fram lýsing og uppdættir aðalskipulagsbreytingu þar sem tekið er tillit til athugasemda frá Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirlit

Suðurlands, Ferðamálastofu, Kötlu Jarðvang og Minjastofnun Íslands. Verður liður 8 í fundagerð.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu um aðalskipulagsbreytingu og vísar athugasemd Vegagerðarinnar um lokun héraðsvegar 221-01 til deiliskipulagsgerðar.

- Samþykkt samhljóða


Fundi slitið klukkan 19:16



Drífa Bjarnadóttir




Jónas Erlendsson




Jón Ómar Finnsson



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Guðrún Hildur Kolbeins